



Stjórn SSH 335. fundur

Þriðjudaginn 12. maí 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Jónmundur Guðmarsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Gunnar I. Birgisson, Sigurður Magnússon og Lúðvík Geirsson.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Ennfremur sátu fundinn vegna 1. máls Jórunn Frímannsdóttir, Reynir Jónsson, Hörður Gíslason og Birgir Björn Sigurjónsson.

Þetta gerðist:

1. Strætó bs. – framhaldsumræða frá 333. fundi 30. mars 2009.

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra þar sem gerð er grein fyrir vinnu við ítarlega greiningu á fjárhagsstöðu Strætó bs og mati á leiðum til lausnar. Í minnisblaðinu er sett fram tillaga um aðgerðir til að mæta núverandi fjárhagsvanda byggðasamlagsins og tillaga um aðgerðir til að skerpa og styrkja tiltekna lykilþætti í samstarfi sveitarfélaganna um framkvæmd alemnningssamgangna.

Málið var ítarlega rætt á fundinum.

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur mikilvægt að unnið verði að lausn á grundvelli minnisblaðsins og þeirra tillagna sem þar koma fram, og að þeirri vinnu verði hraðað.

2. Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldar innflúensu.

Samþykkt að slökkviliðsstjóri verði samræmingaraðili f.h. sveitarfélaganna vegna aðgerða til að mæta mögulegum heimsfaraldri innflúensu.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:45